

## HANDBÓK UM SNEMMTÆKA ÍHLUTUN

Unnin af starfsfólki í  
leikskólanum Marbakka  
Nóvember 2020





## Inngangur

---

Leikskólinn Marbakki tók ásamt fleiri leikskólum í Kópavogi þátt í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun veturinn 2019-2020 . Þróunarverkefnið var unnið í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Markmið verkefnisins var að fara markvisst yfir ferla tengda snemmtækri íhlutun í leikskólanum, fara yfir og skipuleggja kennslugögn og auka þekkingu starfsfólks á hvað felst í snemmtækri íhlutun og mikilvægi hennar. Þessi handbók er afrakstur verkefnisins.

Við gerð handbókarinnar var haft að leiðarljósi að efni hennar væri sett fram á einfaldan og aðgengilegan hátt til að sem flest gætu tileinkað sér helstu markmið og leiðir í snemmtækri íhlutun. Í textanum er stundum hægt að smella á hagnýta tengla sem þau sem vilja dýpka þekkinguna á málefnum enn frekar geta nýtt sér.

Leikskólinn Marbakki byggir starf sitt á stefnu **Reggio Emilia** þar sem starfsaðferðir taka mið af lýðræði, virðingu fyrir og trú á getu barna og að þau afli reynslu og þekkingar á eigin forsendum í gegnum leik og starf. Leiðin til þekkingar á að vera spennandi ævintýri sem barnið sjálf tekur þátt í. Áhersla er á jákvæð og uppbyggileg samskipti auk þess sem sköpun er rauður þráður í öllu skólasterfinu. Einkunnarorð leikskólans eru **sjálfstæð**, **glöð** og **skapandi** börn. Hægt er að lesa meira um [Reggio stefnuna](#) á heimasíðu leikskólans.

## Hvers vegna snemmtæk íhlutun?

Á fyrstu árunum í lífi barns eru miklar framfarir í þroska og færni á öllum sviðum. Tímabilið fram að grunnskólagöngu er eitt mikilvægasta þroskatímabil barnsins þar sem þau mynda tengsl, læra að tjá sig í gegnum tungumál, læra og þjálfast í hegðun og samskiptum og þroska ýmsa aðra vitsmunabætti. Sum börn geta verið seinni til að ná ákveðnum þroskastigum og færni heldur en búast mætti við og sá munur sem kemur fram á þessum árum getur viðhaldist og jafnvel aukist þegar líður lengra á skólagöngu barnsins sé ekki brugðist við<sup>1</sup>. **Snemmtækri íhlutun** er ætlað að hjálpa þeim börnum að ná ákveðnum markmiðum og skrefum með því að koma sem fyrst auga á frávík og bjóða viðeigandi stuðning.

Stuðningur við börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun er skilgreindur í [reglugerð 584/2010](#) um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla þar sem segir að stuðningurinn skuli veittur innan leikskólans, undir handleiðslu sérfræðinga og í samræði við foreldra. Í reglugerðinni er einnig lögð áhersla á snemmtækt mat á stöðu barna.

Á árunum 2013 til 2015 var gerð [úttekt](#) á framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar í íslensku skólakerfi. Í niðurstöðum kom fram að leikskólastigið er í einstakri aðstöðu til að sinna snemmtækri íhlutun og stendur starfsfólk leikskóla sig vel í að tileinka sér þessa hugmyndafræði. Í ábendingum úttektarinnar kemur fram að bæta þurfi matsaðferðir sem notaðar eru við að greina stöðu barna og stuðning sem þau þurfa.



Kópavogsbær hefur gert sérstaka stefnu um stuðning við börn er nefnist [Skóli fyrir alla](#). Stefnan tekur mið af íslenskum lögum og reglugerðum sem að framan eru nefndar, en einnig aðalnámskrám og alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar. Þar kemur fram að snemmtæk íhlutun er einn af fjórum aðaláhersluþáttum í skipulagi og framkvæmd skólaþjónustunnar.

Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla segir að meginmarkið uppeldis og kennslu í leikskóla skuli meðal annars vera að fylgjast með og efla alhliða þroska barna, veita skipulega málörvun og hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við

<sup>1</sup> Þýtt af heimasíðu Early Intervention Foundation: <https://www.eif.org.uk/what-its-about/early-years>

## Yfir hvað nær snemmtæk íhlutun?

---

Á heimasíðu [Understood](#) samtakanna sem eru regnhlífarsamtök ýmissa aðila sem vinna með börnum og foreldrum er þeim þroska- og færnisviðum sem snemmtæk íhlutun getur náð til ágætlega lýst:

- **Tjáning og samskiptafærni** (t.d. tala, hlusta, skilja aðra)
- **Félagsfærni og tilfinningagreind** (leika, eiga í samskiptum við aðra)
- **Vitsmunaproski** (t.d. hugsa, læra, leysa vandamál)
- **Líkamleg færni** (t.d. skrifa, ná í, ganga, teikna, byggja)
- **Sjálfs hjálp** (t.d. borða, klæða sig)



## Hvers konar stuðningur er í boði?

---

Hægt er að fá fjölbreytta ráðgjöf og aðstoð bæði innan skólajónustu sveitarfélagsins og utan hennar (sjá nánar á bls. 9-10 í stefnu Kópavogsbæjar *Skóli fyrir alla*). Til dæmis:



- **Kennsluráðgjöf og sérkennsluráðgjöf** sem nýtist til að styrkja faglegt starf skólans.
- **Sálfræðiþjónusta** sem nýtist til dæmis vegna náms-, félags- og tilfinningalegra erfiðleika.
- **Iðjuþjálfun** sem nýtist til dæmis vegna erfiðleika með skynúrvinnslu, fín- og grófhreyfingar.
- **Talþjálfun** vegna ýmis konar málþroskafrávika.
- **Sjúkrþjálfun** vegna erfiðleika með hreyfiþroska.

Auk þess getur verið samvinna við ýmsa sérfræðinga líkt og hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og þroska- og hegðunarstöð. Einnig má nefna þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda, Æfingastöð og Heyrnar- og talmeinstöð.

Leikskólar geta fengið fjármagn í stuðning við börn liggi fyrir mat sérkennslustjóra leikskólans eða formleg greining annarra sérfræðinga. Fjármagninu er úthlutað eftir ákveðnum flokkum sem lýst er hér fyrir neðan en nákvæmari skilgreiningar er að finna á bls. 18 í stefnu Kópavogsbæjar, *Skóli fyrir alla* sem vísað er í hér að framan.



**Flokkur 1** Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi til að mynda vegna fjölfötlunar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar, verulegrar tengslaskerðingar eða vegna ýmissa heilkenna.

**Flokkur 2** Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda svo sem vegna miðlungs þroskaröskunar, hreyfihömlunar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langveik börn.

**Flokkur 3** Börn með tilfinninga- og félagslega erfiðleika eða væg þroskafrávik, alvarlegan athyglisbrest, ADHD, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni. Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða örvun vegna vægrar þroskaröskunar eða annarra þroskafrávika.

**Flokkur 4** Börn sem þurfa á aðstoð að halda til að mynda vegna málhömlunar, tvítýngis eða félags- og tilfinningalegra erfiðleika.

Sótt er um fjármagn til menntasviðs Kópavogsbæjar en leikskólastjóri tekur ákvörðun um úthlutun í flokki 3- 4 í samráði við sérkennslustjóra. Einnig er hægt að sækja um fjármagn fyrir tímabundna aðstoð á deild í **flokki 5** ef á deildinni er fjöldi barna af erlendum uppruna, fáir faglærðir starfsmenn eða mörg börn sem þurfa á stuðningi að halda.

Niðurstaða greiningar eða mats er ekki nauðsynleg til þess að hefja stuðning við barn. Oft er farið af stað með stuðning sé það mat deildarstjóra og sérkennslustjóra að mögulega þurfi að styðja við þroskaferli barns og foreldrar eru samþykkir því. Árangur stuðningsins ræður því svo hvort síðar fari af stað ferli mats eða greiningar. Leikskólar fá einnig úthlutað fjármagni fyrir stuðning af þessu tagi.

## Ferli snemmtækrar íhlutunar í Marbakka

Snemmtæk íhlutun getur verið krefjandi ferli. Það felur í sér samskipti og samþættingu vinnu margra aðila úr ólíkum áttum og ákvarðanatöku sem hefur áhrif á börn, fjölskyldur og starfsfólk leikskóla. Í Marbakka eru helstu skrefin í ferlinu þessi:

- **Samtal er alltaf fyrsta skrefið** vakni áhyggjur af stöðu barnsins hjá foreldrum eða kennurum. Séu foreldrar fylgjandi því að barnið fái stuðning eru sett fram markmið og stuðningur skipulagður í samráði við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.
- **Stuðningur við barnið hefst** innan deildar eða í sérstökum þjálfunarstundum. Með reglulegu millibili **endurmeta** deildarstjórar og sérkennslustjóri árangur stuðnings. Ef **endurmat** sýnir að markmiðum er náð og náms- og þroskaframvinda komin í réttan farveg lýkur stuðningi.
- **Náist ekki þær framfarir** sem stefnt var að er komið að gerð **einstaklingsnámskrár** fyrir barnið en að því koma foreldrar, deildarstjóri og sérkennslustjóri. **Á 3-4 mánaða fresti er framvinda metin** á sérstökum matsblöðum og eftir ákveðinn tíma eru markmið einstaklingsnámskrárinnar endurmetin með þátttöku foreldra. Ef endurmat sýnir að stuðningur við barnið skilar góðum árangri er tekin ákvörðun um áframhaldandi stuðning eða hvenær stuðningi skuli ljúka.
- Sé **árangur takmarkaður** eða **frekari spurningar** vakna varðandi ferlið er ætíð unnt að kalla til ráðgjöf frá **skólaþjónustu Menntasviðs Kópavogs**.

Í skólaþjónustunni er hægt að óska eftir að **leikskólaráðgjafi** komi inn á deild og leggi mat á aðstæður og stöðu barnsins eða veiti endurgjöf og ráðleggingar um **barnahópin í heild** óski kennarar eftir því. Einnig er hægt að óska eftir að **aðrir sérfræðingar** komi að, s.s. sálfræðingur, talmeinafræðingur eða iðjuþjálfari.

Sérkennslustjóri veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf á öllum stigum þessa ferlis og til eru ýmsar leiðbeiningar og gátlistar, svo sem um samtal við foreldra um áhyggjur af stöðu barns.


Unnið er að auknu samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu í Kópavogi vegna reglubundins eftirlits með heilsufari og þroska barna sem þar fer fram. Hjúkrunarfræðingur og sérkennslustjóri geta átt í samstarfi og miðlað upplýsingum um stöðu barns og stuðning sem það fær með leyfi foreldra.



## Málþroski og málörvun

Málörvun er stór hluti af snemmtækri íhlutun og stuðningi á leikskólastigi. Eitt af því mikilvægasta sem börn þurfa að tileinka sér á þessu æviskeiði er hæfileikinn til að tjá sig, skilja aðra og ná tökum á fyrstu stigum læsinnáms. Í inngangi að [Stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur](#) frá 2015 segir til dæmis að snemmtæk íhlutun sé „forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir.“

Í Marbakka er lögð áhersla á að allt nám fari fram í gegnum leik og á það líka við um læsi og málrækt. Í læsisstefnu Marbakka segir: „Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni. Þannig læra börnin að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Segja má að málörvun sé rauði þráðurinn í gegnum allt leikskólastarfið og markvisst sé unnið að því að efla málvitund barnanna.“ Auk allrar þeirrar vinnu sem fram fer í leikskólanum er öflugt samstarf við Bókasafn Kópavogs.



Sjónrænt skipulag og sýnilegt ritmál er mikilvægt fyrir málþroska og skilning allra barna og er áhersla á að allar deildir í Marbakka hafi sjónrænt skipulag auk þess sem sum börn hafa sérstakt skipulag innan þess til að hjálpa til við samskipti og skilning.

Í Marbakka er unnið með málörvunar- og hljóðánámsefnið **Lubbi finnur málbein** eftir talmeinafræðinganna Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gylfadóttur. Í Lubba er sérstaklega unnið með íslensku málhljóðin sem styður við börn sem glíma við erfiðleika í máltöku en gagnast einnig þeim börnum sem læra málið án vandkvæða. Markmiðið með Lubbastundum er að auðvelda börnum svokallaða umskráningu – að þau átti sig á málhljóði, síðan stöfum og loks orðum. Einnig styður Lubba námsefnið við málþroska þar sem tákn eru fyrir hvert málhljóð sem hjálpar börnunum

við að gera sig skiljanleg, auðveldar þeim að læra og muna máhljóðið. Starfsfólk í Marbakka fór á námskeið í notkun efnisins og er það notað í samverustundum auk þess sem málbeinin eru sýnileg sem merkingar á hólfum barnanna. Hér má lesa nánar um [Lubba](#).

Vináttuverkefnið Blær á vegum Barnaheilla er virkt á öllum deildum Marbakka. Markmið verkefnisins er að móta góðan skólabrag þar sem umhyggja, hugrekki, virðing og umburðarlyndi endurspeglast í samskiptum. Lögð er áhersla á tjáningu í stundum með Blæ og þjálfast börnin bæði í félagsþroska og málþroska þar sem þau æfa sig í að tjá tilfinningar, hugmyndir og líðan. Hér má lesa nánar um [Blæ](#).

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans sé virkt í málörvun í daglegu starfi með öllum börnum. Það er til dæmis gert með því að:

- Hlusta og tala við börnin
- Syngja og kenna þeim rím, vísur og þulur
- Hvetja þau til að segja frá atburðum og sögum
- Lesa fyrir þau bækur
- Ræða og útskýra lesefni
- Spyrja börnin spurninga
- Láta þau giska á framhald sögu<sup>2</sup>



Góð leið til málörvunar fyrir allan aldur er að eiga samtöl um hluti, tilfinningar eða atvik í lífi barnanna sem eru þeim mikilvæg. Í slíkum samtölum öðlast börnin þekkingu á eigin heimi, æfa tjáskipti og hvernig þau tjá tilfinningar og hugmyndir þannig að aðrir skilji. Listsköpunaráhersla Reggio stefnunnar gefur fjölbreytt tækifæri til að ræða við börn um hefðbunda og óhefðbundna hluti og aðstæður.

Vettvangsferðir geta verið gott tækifæri til að eiga samtál við börn og auka orðaforða þeirra og skilning. Mikil hefð er fyrir vettvangsferðum sem tengjast fjölbreyttri náttúru í umhverfi skólans auk vettvangsferða í menningarhús og fleiri staði í nágrenni skólans.

---

<sup>2</sup> Ásthildur Bj. Snorradóttir, munnleg heimild 8.1.2019



## Málörvunarstundir

---

Þau börn sem þurfa sérstaka málörvun fá stuðning annað hvort inni á sinni deild eða fara í sérstaka málörvunartíma. Markmiðið með málörvunarstundum er að efla börnin á þeim sviðum sem þau þurfa aðstoð; gera þau sjálfstæðari, öruggari og meiri þátttakendur. Efling tjáningar og orðaforða hjálpar börnunum að ná þessum markmiðum.

Málörvunarstundir eru oftast undirbúnað fyrir eina viku í senn þar sem skráð er á sérstakt undirbúningsblað hvað á að gera í stundinni og hvaða efni á að nota. Eftir hverja stund er skráð á undirbúningsblaðið hvernig gekk og sérstaklega ef það er eitthvað sem þyrfti að bæta eða framkvæma á annan hátt. Í þeim tilvikum er unnið með það tiltekna efni aftur, en þá mögulega á annan eða einfaldari hátt. Mikilvægt er að skrá árangur stundarinnar til þess að geta leitað í skipulagið og séð hvernig hægt er að bæta og breyta, hvað virkar og hvað virkar ekki.

**Hjá yngri börnum** er áhersla á að efla tjáningu, orðaforða og skilning, svo sem með því að herma eftir nýjum orðum, dýrahljóðum og syngja. Einnig skiptir miklu máli að auka skilning á einföldum fyrirmælum og samskiptum svo sem að sitja kyrr, muna, biðja um aðstoð, skiptast á og deila. Einföld flokkun á orðum og hlutum, ímyndunarleikir, nöfn á börnum, kennurum og fjölskyldu eru önnur dæmi um áherslur í málörvun yngri barna. **Hjá eldri börnum** er haldið áfram að efla orðaforða og málskilning, tileinka sér flóknari fyrirmæli og samskiptareglur. Auk þess kemur inn áhersla á málskilning og íslensku máhljóðin, svo sem að klappa atkvæði, ríma, flokka saman orð sem byrja á sama hljóði og vinna með bókstafi og máhljóð. Skilningur og minni eru til dæmis þjálfuð með því að spyrja spurninga út frá sögum og fá þau til að endursegja efni þeirra.

Í Marbakka er til mikið af sérhæfðu efni sem hentar vel til málörvunar. Spil og bækur eru flokkuð eftir ákveðnu kerfi til að auðvelda starfsfólki leikskólans að finna viðeigandi málörvunarefni.

- **Gulur** – orðaforði
- **Rauður** – málskilningur; samhengi orða og merking
- **Grænn** – heyrnarminni; að hlusta, muna og segja
- **Blár** – setningafræði; þjálfun í að byggja upp setningar
- **Hvítur** – málfræði;
- **Appelsínugulur** – hljóðkerfisvitund; atkvæði, þekkja rím, greina hljóð í orðum
- **Bleikur** og **fjólublár** – tölustafir; form, fjöldi

## Móttaka barna

---

Í Marbakka koma foreldrar nýrra barna til samtals við deildarstjóra áður en leikskólaganga barnsins hefst. Foreldrar fá sendan lítinn spurningalista um barnið fyrir fyrsta viðtal þar sem þeir geta komið á framfæri upplýsingum um málþroska, hreyfiproska, samskipta- og félagsfærni barnsins, og áhugasvið þess. Í viðtalinu fara deildarstjóri og foreldrar yfir þessar upplýsingar og ræða auk þess um heilsufar barnsins almennt, langvarandi veikindi, ofnæmi eða annað sem þarf að taka tillit til og matar-, svefn- og hreinlætisvenjur, þar sem foreldrar fara yfir þessa þætti hjá barni sínu og fá upplýsingar um fyrirkomulag þeirra á deildinni. Það er mikilvægt að fá upplýsingar frá foreldrum um barnið og aðstæður þess og hlusta á þeirra væntingar um leikskólastarfið. Traust milli foreldra og leikskóla er ein af forsendum fyrir því að geta beitt snemmtækri íhlutun, þar sem báðir aðilar þurfa geta vakið máls á því ef mögulega þarf að styðja við barnið í þroska eða námi. Foreldrar þurfa að upplifa að velferð barnsins sé sameiginlegt verkefni. Í fyrsta viðtali fá foreldrar einnig upplýsingar um ábyrgð og skyldur foreldra í skólakerfinu, skráningarkerfið Völu og um viðbragðsáætlanir leikskólans.

Í Marbakka er þátttökuáðlögun í að minnsta kosti þrjá daga þar sem foreldrar dvelja með barninu allan tímann í leikskólanum og sjá um umönnun þeirra á þeim tíma. Með því gefst líka gott tækifæri fyrir starfsfólk og fjölskyldu til að kynnast og byggja upp gagnkvæmt traust sem eykur öryggi barnanna á nýjum stað og auðveldar samskipti þegar líður á leikskólagönguna.

Tvítyngd börn fylgja að mestu leyti almennri móttökuáætlun nýrra barna en þó eru sérstakar spurningar um málumhverfi þeirra í spurningalistanum sem foreldrar fylla út fyrir fyrsta viðtal. Í fyrsta viðtali er svo farið nánar yfir stöðu barnsins hvað snertir málþroska, hugmyndir foreldra um stuðning og þau hvött til að styðja við móðurmál barnsins heima. Þegar barnið hefur lokið aðlögun og er orðið öruggt í leikskólastarfinu fara sérkennslustjóri og deildarstjóri yfir stöðu þess og meta þörf fyrir málörvun eða íslenskukennslu hafi barnið takmarkaðan íslenskan orðaforða.

Foreldrar sem tala ekki íslensku eiga alltaf rétt á að fá þjónustu túlka í foreldraviðtölum.



## Skimanir, athuganir, próf og matslistar

Í Marbakka bera deildarstjórar og sérkennslustjóri ábyrgð á því að meta stöðu barna, þörf fyrir stuðning og árangur af íhlutun. Mikilvægt er að starfsfólk láti vita telji það barn þurfa mögulega á stuðningi eða frekari örvun að halda. Samt sem áður geta ýmis merki farið framhá starfsfólki í dagsins önn og því er lögð áhersla á það í allri stefnumótun um snemmtæka íhlutun að notast sé við skimanir til viðbótar við ýmsar athuganir og próf sem sérkennslustjóri hefur í verkfærakistu sinni til að meta stöðu barna eftir þörfum.

**Skimanir** eru þess eðlis að þær eru lagðar fyrir alla í ákveðnum aldurshópi barna í þeim tilgangi að finna börn sem þurfa á stuðningi að halda á því sviði sem skimunin nær til. Einnig geta niðurstöður skimunar gefið kennurum upplýsingar til að skipuleggja starfið og áherslur fyrir barnahópinn í heild sinni.



**EFI-2 er málþroskaskimun** fyrir börn á fjórða ári. Niðurstöðurnar gefa upplýsingar um hvar börn eru stödd hvað varðar málskilning og máltjáningu. Skimunin sýnir hvaða börn gætu þurft á stuðningi að halda eða þyrftu nánari athugun talmeinafræðings. Þegar skimunin hefur verið lögð fyrir öll börn á deild fæst betri yfirsýn yfir málþætti sem vinna þarf með.

**HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem nýtt er til að skima hljóðkerfisvitund** elstu barna í leikskólanum til að finna þau börn sem gætu átt í erfiðleikum með lestur síðar meir. Prófið er lagt fyrir að hausti og aftur að vori fyrir þau börn sem fengu slaka niðurstöðu til að mæla árangur stuðnings sem hefur verið veittur í leikskólanum. Foreldrar og grunnskóli fá upplýsingar um niðurstöður úr prófinu.



Auk þessara tveggja skimana sem framkvæmdar eru þá hefur sérkennslustjóri yfirsýn yfir fjölmargar athuganir, skimanir, gátlista og próf sem hægt er að nota til að afla frekari upplýsinga um stöðu einstakra barna. Með leyfi foreldra eru niðurstöður stundum ræddar við sérfræðinga Menntasviðs Kópavogs sem geta veitt frekari ráðgjöf eða lagt til aðkomu annarra sérfræðinga.

Hér eru dæmi um verkfæri sem hægt er að grípa til vegna barna á leikskólaaldri:

- **Orðaskil** er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 1,5-3 ára. Þetta próf metur orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð og gefur niðurstöður miðað við eðlileg mörk jafnaldra.
- **Íslenski þroskalistinn** er fyrir börn á aldrinum 3-6 ára. Mælir getu á mál- og hreyfisviði og niðurstaðan er þroskatala sem hægt er að bera saman við eðlileg mörk jafnaldra.
- **Gátlisti fyrir málþroska** er listi yfir mál- og talvanda á fimm mismunandi aldursbilum leikskólabarna. Niðurstöðurnar gefa upplýsingar um hvaða börn gætu þurft nánari athugun talmeinafræðings.
- **Mat á hegðunarvanda** er matslisti sem er ætlaður börnum frá þriggja ára aldri. Í matslistanum er aðdragandi, birtingarmynd og viðbrögð vegna erfiðrar hegðunar barns skráð í nokkur skipti.
- **SDQ** er matslisti sem er ætlaður 4-6 ára börnum. Mælir hegðun, líðan, tilfinningar og félagsfærni.
- **Ofvirkni- og athyglisbrestur** er ætlaður börnum frá þriggja ára aldri. Metur einkenni um ofvirkni, hvatvísi og athyglisbrest.
- **Gerd Strand** Er matslisti fyrir fjögurra ára börn sem tekur á hreyfi- og málþroska, virkni og samskiptum.
- **Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni** metur hvort kvíði hjá barni á leikskólaaldri gæti komið í veg fyrir eðlilega þátttöku barns í leik og starfi eða hamli eðlilegum þroska.
- **AEPS** þroskalisti er til bæði fyrir yngri og eldri börn á leikskólaaldri. Metur stöðu og framfarir barns út frá þörfum, styrkleikum og veikleikum barns. Niðurstöðurnar nýtast sem grunnur að einstaklingsnámskrá og til að skipuleggja stuðning sem mætir þörfum barnsins.



## Að lokum

---

Handbók þessi gefur starfsfólki og foreldrum í leikskólanum Marbakka innsýn í hugmyndafræði og markmið snemmtækrar íhlutunar ásamt því að upplýsa um helstu ferla sem henni tengjast innan leikskólans. Einnig er greint frá helstu leiðum og vinnubrögðum í starfi með börnunum sem tengjast snemmtækri íhlutun með sérstakri áherslu á málþroska og samskipti við foreldra.

Leikskólinn Marbakki býr svo vel að eiga gott safn af kennslugögnum sem hægt er að nýta til málörvunar þar sem námsefnið um Lubba er fremst í flokki. Virkt samstarf við bókasafn Kópavogs hefur sannarlega ýtt undir áhuga barnanna á bóklestri og sögum en ferðir á bókasafnið raðast ofarlega í mati barnanna á daglegu starfi í leikskólanum.

Listir og sköpun eru stór þáttur í starfsaðferðum Marbakka sem gefur mikla fjölbreytni og breidd í samtölum við börnin í sköpunarferlinu en dagleg samtöl við börn um heima og geima, bæði í hópi og við einstök börn, eru lykilþáttur í stuðningi við málþroska.

Í framhaldi af þessu þróunarverkefni er stefnt að því að skoða nánar ferli í kringum skimanir, ábyrgð og tímasetningar, þannig að þörf fyrir íhlutun komi snemma í ljós og byggi á áreiðanlegum gögnum. Einnig mun matsteymi skólans skoða sérstaklega mat á framförum barna.



Annað sem stöðugt má vinna að er að gera ritmál sýnilegt í leikskólanum. Nú þegar er hafin vinna með að gera ritmálið sýnilegra á svæði leikskólabókasafnsins við sérstakt leshorn, en ritmálið þarf að sjást um allan skólann. Sjónrænt skipulag er einnig þáttur sem þarf stöðuga umhugsun enda gagnast það öllum börnum í að skilja betur starfsemi leikskólastarfsins og styður þau við að tjá sig um umhverfi sitt.

Í vinnuferli þróunarverkefnisins mátti greina mikinn áhuga starfsfólks á að styðja við málþroska með virkari hætti og mun símenntunaráætlun leikskólans taka mið af því auk þess sem skipulag málörvunarhópa, samverustunda og söngstunda verður endurmetið. Gott samstarf og samskipti við foreldra er grunnur að árangursríku leikskólastarfi og foreldrasamfélag Marbakka er sannarlega jákvætt afl og stuðningur við starfið. Við hlökkum til áframhaldandi samvinnu foreldra og starfsfólks um vellíðan, þroska og hamingju barnanna.

**Fylgiskjal 1: Viðtalsform vegna fyrsta foreldraviðtals og upphafs skólagöngu barns.**

**Fylgiskjal 2: Skráningarblað vegna málörvunarstunda.**

**Fylgiskjal 3: Matsblað fyrir foreldra vegna umsóknar um sérfræðiþjónustu.**





## Fyrsta foreldraviðtal við upphaf skólagöngu barnsins

<b>Nafn barns:</b>	<b>Kennitala:</b>
<b>Heimilisfang:</b>	
<b>Nafn forráðamanns:</b>	<b>Kennitala:</b>
<b>Heimilisfang:</b>	<b>Sími/GSM:</b>
<b>Netfang:</b>	
<b>Vinnustaður:</b>	<b>Vinnusími:</b>
<b>Hjúskaparstaða:</b>	
<b>Nafn forráðamanns:</b>	<b>Kennitala:</b>
<b>Heimilisfang:</b>	<b>Sími/GSM</b>
<b>Netfang:</b>	
<b>Vinnustaður:</b>	<b>Vinnusími:</b>
<b>Hjúskaparstaða:</b>	
<b>Ef ekki næst í foreldra má hafa samband við:</b>	
1:	Sími:
2:	Sími:

<b>Systkini barnsins – nöfn og aldur</b>	
<b>Eitthvað sem þú/þið viljið taka fram sem þarf að taka tillit til í skólagöngunni, s.s. heimilisaðstæður eða trúar- og lífsskoðunarfélag?</b>	

Upphafsdagur skólagöngu:	Deild:
Hver sér um aðlögun?	
Nafn dagforeldris eða fyrri leikskóla ef við á:	

Heimilislæknir/heilsugæsla:	Tannlæknir:
Almennt heilsufar:	

Matarvenjur:	
Svefnvenjur:	
Hreinlætisvenjur:	

**Fyllist út í foreldraviðtalinu:**

Lundarfar barnsins:	
Samskipti við önnur börn:	
Hreyfiþroski – grófhreyfingar:	
Hreyfiþroski – fínhreyfingar:	
Leikur og áhugamál:	
Mál og málskilningur:	
Annað:	

Foreldri

Foreldri

Deildarstjóri/viðtalsaðili

Dagsetning viðtals



Áætlun fyrir: \_\_\_\_\_

Vikan: \_\_\_\_\_

Áherslur: \_\_\_\_\_

Dagur	Viðfangsefni	Endurmat
	1. 2. 3.	
	1. 2. 3.	
	1. 2. 3.	
	1. 2. 3.	
	1. 2. 3.	

## Mat foreldra vegna umsóknar um sérfræðipjónustu

Vinsamlega fyllið út eftirfarandi. Gögnin verða nýtt í umsókn leikskólans um sérfræðipjónustu fyrir barnið.

**Hverjir eru helstu styrkleikar barnsins:**

--

**Almennt um líðan barnsins:**

--

**Hegðun og samskipti barns; bæði við fjölskyldu og aðra:**

--

**Félags- og leikþroski:**

--

**Einbeiting og úthald:**

--

**Hvað er það í þroska, hegðun eða líðan barnsins sem veldur þér/ykkur mestum áhyggjum:**

--

**Aðrar athugasemdir:**

--